


Breyting á Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028 vegna breyttrar landnotkunar á Leirutanga



Aðalskipulag Fjallabyggðar 2008-2028, staðfest 22.12.2010 Mkv. 1:10.000 í A3



Tillaga að breytingu Mkv. 1:10.000 í A3

SKÝRINGAR:

- HÉTTBYLISMÖRK
- IBÚÐARSVÆÐI
- SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR
- MIDSVÆÐI
- VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI
- ATHAFNASVÆÐI
- IDNADARSVÆÐI
- HAFNASVÆÐI
- SVÆÐI FYRIR FRISTUNDAÞYGGÐ
- OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA
- ÖBYGGÐ SVÆÐI
- BLÓNDUD LANDNOTKUN
- LANDFYLINGAR
- VÖTN, AR OG SJÓR
- VATNSVERNDARSVÆÐI
- VATNSVERNDARSVÆÐI
- VATNSVERNDARSVÆÐI
- STRANDSVÆÐI
- NÁTTURUVERNDARSVÆÐI
- HVERFISVERNDARSVÆÐI
- SVÆÐI FYRIR SNJÓFI ÓÐAVERNARSTODVIRKI
- STOFNBRAUT
- TENGBRAUT
- BYGGINGAR TIL NIDURRIS
- JARBÖNG
- DIÆLUSTÖD
- FORNMINJAR

HÆTTUMAT

- Jafráhættulína, áhættu = 3,0°10' -
- Hættusvæði C, áhættu = 3,0°10' -
- Jafráhættulína, áhættu = 1,0°10' -
- Hættusvæði B, áhættu = 1,0°10' -
- Jafráhættulína, áhættu = 0,3°10' -
- Hættusvæði A, áhættu = 0,3°10' -
- Brotnar línur sýna hæðusvæði án vamarvirka
- H HITAVEITA Í JÖRD
- V VATNSVEITA Í JÖRD
- R RAFVEITA Í JÖRD
- S FJARSKIPTI Í JÖRD
- F FRÁVEITA Í JÖRD
- Y YFIRFALL Í JÖRD
- F FRÁVEITA Í JÖRD
- ADALSTIGAR
- GÖNGULEIÐIR/ÚTIVISTARSTIGAR
- REIÐLEIÐIR/REIÐSTIGAR

- | | |
|------------------------------|---------------------------|
| ● SVÆÐI HESTAMANNA | ● BÆJARSKRIFSTOFUR |
| ● KIRKUGARÐUR | ● TÓNLISTARSKÓL |
| ● TJALDSVÆÐ | ● SYSLUMADUR/LOGREGLUSTÖÐ |
| ● KNATTSPYRRIA | ● GRUNNSKÓL |
| ● SKÓGRAEKT | ● LEIÐSKÓL |
| ● GOLFVÖLLUR | ● GRUNNSKÓL |
| ● GAMLI KIRKUGARÐUR | ● HÆR SUGSUKRAHUS |
| ● FLUGVALLARSVÆÐ | ● DVALAR-EMIL |
| ● KALDVAÐANSTANKUR | ● ÍBÚÐTAMBEIÐ |
| ● VATNSDÆLUSTÖD | ● SKJALALUG |
| ● HEITAVATNISTANKUR | ● SKRJA |
| ● ENDRIVARSTÖÐ | ● SILDARMINJASAN |
| ● RAFVEITA | ● SLOKUVISTÖD |
| ● AÐVEITUSTÖD | ● AHALDAHUS |
| ● SPENNISTÖD | |
| ● SNJÓFI ÓÐAVERNARSTIGAR | |
| ● ÞJÓNUSTUMIÐSTÖD OG VERSLUN | |
| ● SVIÐ SVIÐARAGARÐAR | |
| ● JADAR SKÓGRÆKTAR Í HÖLSDAL | |
| ● VÍÐ HÖLSDAL Í SKARSDAL | |
| ● SAURBELJANAS | |

Bæjarstjórn Fjallabyggðar leggur til að landnotkun á Leirutanga verði breytt. Leirutangi er landfylling á leirum austan Snorrageitu á Siglufirði. Þar er gamall urðunarstaður og hefur mengun mælst á svæðinu. Undanfarnin ár hefur svæðið verið notað sem tippur fyrir jarðefni og óvirkan úrgang. Á svæðinu er steypistöð og nokkur fyrirtæki á athafnalóðum við Vesturtanga. Ákveðið hefur verið að nýta svæðið til útivistar fyrir bæjarbúa, griðland fugla og sem tjaldsvæði þar sem núverandi tjaldsvæði í miðbænum þykir ekki hentugt.

Leirutangi er stærsta óbyggða undirlendið á Siglufirði og er í göngufjarlægð frá miðbæ Siglufjarðar. Fallið er frá umfangsmikilli uppbyggingu á svæðinu m.a. vegna þess að ekki er talið ásettlegt að grafið sé á gömlu urðunarsvæði. Nóg framboð er af athafnalóðum á norðausturhluta Þormóðseyrar og byggja má íbúðarhúsnæði á auðum lóðum víðsvegar um bæinn. Að auki er nægjanlegt landrými fyrir nýja íbúabyggð í Ólafsfirði.

Breyting á skipulagsupprætti

- Athafnasvæði merkt „Innri höfnin“ minnkar úr 6 ha í 1,8 ha.
- Athafnalóð fyrir bensinstöð við Snorrageitu, 0,4 ha að flatarmáli, fær landnotkunina verslun og þjónusta.
- Íbúðarsvæði merkt „Tanginn“ fellur út.
- Ókomin landfylling suður af tanganum fellur út. Ekki er gert ráð fyrir frekari landfyllingu.
- Þar sem áður var skilgreint athafnasvæði og íbúðarsvæði verður að hluta opið svæði til sérstakra nota fyrir tjaldsvæði og að hluta óbyggt svæði fyrir griðland fugla.
- Merking Ú8 (tjaldsvæði) á miðsvæði, flyst á opið svæði til sérstakra nota á Leirutanga.

Breyting á greinargerð

Kafla: Íbúðarsvæði - Siglufjörður

Svæði Í2 er fellt út. Málsgrein fellur út.

Gildandi skipulag:

Í2 - Ný íbúðabyggð á suðurhluta Innri-Hafnar sem er stærsta nýbyggingarsvæðið á skipulags-tímabilinu og getur rúmað ca.123 íbúðir. Þar er einnig gert ráð fyrir athafnasvæði sem verður aðskilið með „grænu“ svæði með hljóðmön. Nákvæm útfærsla strandlengjunnar ákvarðist á deiliskipulagsstigi. Lögð verði áhersla á náttúrulega afmörkun sem falli vel að vistkerfi fjarðarbotnsins. Hafa skal í huga að flóðbylgjur geta ríðið yfir eyrina sem snjóflóð hinum megin fjarðarins geta komi af stað. Gera skal því ráðstafanir þessu tengdar við hönnun svæðisins.

Í áætlun um áfangaskiptingu uppbyggingar íbúðarhúsa á Siglufirði fellur síðasti áfanginn, Í2, út.

Kafla: Útivist og íþróttir - Tjaldsvæði

Breyting á texta.

Gildandi skipulag:

Ekki er áætlað að leggja niður núverandi tjaldsvæði í sveitarfélaginu en lagt er til að tjaldsvæði verði byggt upp að Hóli í Siglufirði í tengslum við íþróttamiðstöðina þar.

Breytt skipulag:

Fyrirhugað er að byggja upp tjaldsvæði á Leirutanga og leggja niður tjaldsvæði í miðbænum á Siglufirði. Einnig er lagt til að tjaldsvæði verði byggt upp að Hóli á Siglufirði í tengslum við íþróttamiðstöðina þar.

Kafla: Athafnasvæði - Siglufjörður

Breyting á texta.

Gildandi skipulag:

Athafnasvæði sem er við Innri-Höfninna stækkar aðeins en þar er gert ráð fyrir lóð sem gæti nýst fyrir bensinstöð.

Breytt skipulag:

Athafnalóðir eru við Vesturtanga við Innri-Höfnina sunnanverða.

Kafla: Landfyllingar - Siglufjörður

Svæði L3 er fellt út. Málsgrein fellur út.

Gildandi skipulag:

L3 Innri-Höfnin/Suðurtangi. Gert er ráð fyrir umtalsverðri uppbyggingu (4,1 ha) á Tanganum undir íbúðarsvæði. Helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru talin vera áhrif á fuglalíf og dýralíf í botni fjarðarins.

Umhverfisskýrsla - áhrifamat

Aðalskipulagsbreytingin felur ekki í sér framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum en tjaldsvæði sem eru undir 10 ha eru tilgreind í flokki C í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Bæjarstjórn skal því taka ákvörðun um hvort framkvæmd við tjaldsvæðið á Leirutanga skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð framkvæmd við tjaldsvæðið mun ekki hafa veruleg óafturkræf umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu. Ítarlegri grein er gerð fyrir mati á umhverfisáhrifum og vöktunaráætlun vegna framkvæmdanna í deiliskipulagi Leirutanga.

Breytingin mun hafa áhrif á framtíðar uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á Siglufirði. Líta verður til annarra uppbyggingarmöguleika í framtíðinni. Með uppbyggingu griðlands fyrir fugla auk þess að falla frá frekari landfyllingu suður af tanganum verða áhrif á dýralíf jákvæð með breytingu þessari. Breytingin mun einnig hafa jákvæð áhrif á ásýnd Siglufjarðar.

Samráð var haft við Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, Rarik og Vegagerðina við undirbúning skipulagsins.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr.123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 10/12 2016.

Bæjarstjóri Fjallabyggðar

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 1/3 2016.

Aðalskipulagsbreyting

TEIKNISTOFA ARKITEKTA GYLFI GUDJÓNSSON OG FELAGAR ehf. arkitektar fal HANNAÐ KVAFRÐI	Breyting á Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028	
	VERK 15-249	BLAÐ 1
Breytt landnotkun á Leirutanga		DAGS. 8. september 2015
TEIKNAD LF		BREYTT
1:10.000 í A3		